



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Reynisholt

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat	8
3.1 Bjartilundur	8
3.2 Geislalundur	10
3.3 Sunnulundur	12
3.4 Stjórnulundur	14
4 Innra mat sérkennslu	16
5 Innra mat – fjöltyngd börn	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	18
8 Foreldrasamvinna	19
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10 Fylgigögn	20
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	20
10.2 Fylgiskjal 4 – Skóladagatal	20
10.3 Fylgiskjal 5 – Skipulag skólaheimsóknna	20



Leiðarljós leikskólans

Lífsleikinám með sérstaka áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn vinnur með lífsleikni í leikskólastarfi með sérstakri áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi

Þennan vetur var áhersla lögð á að vinna að sjálfseflingu barna og eflingu lærdómssamfélags í A-hluta menntastefnunnar. Einnig fengum við framhaldsstyrk úr B-hluta vegna samstarfs við RannUng. Skipulagsdagar og fræðsla einkenndist því mikið af samvinnu og umræðu um félagsfærni, sjálfseflingu, skráningum á leik barna og úrvinnslu þeirra, bæði hér í leikskólanum sem og með stuðningi frá RannUng. Einnig hlutum við styrk fyrir samvinnuverkefni með skólum hverfisins úr B-hluta, Orð eru til alls fyrst þar sem við kynnum okkur eftir aðferðir og verkfyrirkomulag í leik og starfi sem er til þess fallið auka málþroska, hugtakaskilning og hæfni til að beita tungumálinu. Undanfarin þrjú ár höfum við haft verkefnastjóra málörvunar sem sinnir þeim börnum sem þurfa aukna málörvun, tvítyngdu börnunum ásamt því að vera stuðningur við deildirnar. Þetta hefur gefist mjög vel og munum við halda áfram að þróa þessa stöðu innan leikskólans.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna sýna að veturinn hefur tekið mikið á stafsmenn og þrátt fyrir að hafa hækkað nokkuð mikið í fyrra þá hafa flestir þættir lækkað aðeins á þessu ári. Greinilegt er að álag hefur aukist á starfsmenn á síðastliðnum vetri og telja stjórnendur að covid hafi spilað þar stóran þátt þar sem að sífelldar breytingar á skipulagi, starfsháttum og almennu starfi hafa mikil áhrif. Þó fundum við að þau verkefni sem unnin voru náðust nokkuð vel af stað og aðaláherslan þennan vetur var á vellíðan og ánægju barnanna. Hugmyndir þeirra voru gripnar og unnið með áfram og var t.a.m. mjög gefandi að fylgjast með börnunum í öskudagsbúningagerð þar sem hugmyndir þeirra lifnuðu við.

Á skipulagsdögum hefur einnig verið unnið að skipulagi vetrarstarfsins og endurmati, kynningu fyrir starfsfólki á áherslum leikskólans, fræðslu um vellíðan og samskipti, sjálfseflingu, málörvun og vináttu, skráningar og svo tóku allir þátt í menntastefnumótinu.

Innan leikskólans hefur ætíð verið sterkur faglegur hópur og vildum við ná að virkja alla starfsmenn í anda lærdómssamfélags. Teymisfundir voru reglulega og meiri umræða um fagleg málefni á deildarfundum. Við höldum áfram að nýta okkur Workplace til að efla upplýsingastreymi til starfsmanna og hvöttum starfsmenn til að koma með og framkvæma hugmyndir. Þetta reyndist vel enda náðum við að halda góðum dampi með alla fundi fyrir áramót. Leiðir voru fundnar til að tryggja góða leiðsögn nýrra starfsmanna og fengu allir nýir starfsmenn kynningarbækling sendan heim áður en þeir hófu störf. Í vetur var erfiðara að koma saman sem hópur og finnum við mun á að hafa ekki getað rætt öll saman um ýmis málefni, t.d. fræðslu, styttingu vinnuviku og þróunarverkefnin. Við sjáum þá enn frekar hversu mikilvægt það er að geta stillt strengi saman og er það lærdómur sem við tökum með okkur fram á næsta skólaár.

Megináherslur næsta vetur verða því að vinna með fagmennsku kennara í lærdómssamfélagi, mynda sameiginlega sýn starfsmanna, halda áfram með skráningar á leik barna, auka upplýsingaflæði og



tryggja að starfsmenn fái viðurkenningu fyrir góð störf ásamt því að vinna með megináherslur okkar, lífsleikni, læsi og umhverfismennt.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Skipulag jógaunda á deildum	Hver deild fyllti út í matsform	Allir starfsmenn gátu komið með umsögn um hvernig skipulag jógaunda er á hverri deild	Vel er haldið utan um jógaundir á hverri deild og þær skipulagðar út frá þroska og aldri barnanna. Körfur nýtast nýju starfsfólki vel en þó vantar stundum meiri leiðsögn
Gátlisti: Sjálfsefning	Hver deild fyllti út á deildarfundum um áramót og nýtti niðurstöður til umbóta	Allir starfsmenn deilda	Margir þættir voru komnir annað hvort að fullu eða að miklu leyti til framkvæmda. Það sem bæta má er að börnin fái meiri tækifæri til að setja sér markmið í námi og hafa áhrif á skipulagningu starfsins
Mat út frá starfsáætlun	Hver deild vann mat út frá markmiðum starfsáætlunar	Starfsmenn ræddu saman á deildarfundum, settu markmið og unnu umbótaáætlun.	Þrátt fyrir ýmsar hömlur í vetur náðust mörg markmið að fullu og voru starfsmenn vakandi yfir þeim allan veturinn.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Könnun á vegum SFS	Foreldrar	Foreldrum þykja börnunum líða vel, taka framförum og vera örugg í leikskólanum en finna fyrir minna foreldrasamstarfi í vetur
Viðhorfskönnun starfsmanna	Könnun á vegum SFS	Starfsmenn	Flestir þættir lækkuðu frá fyrra ári minnst það sem tengist fagþáttum og mest það sem tengist aðbúnaði og álagi



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma- rammi	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun						
Vinnuálag	Minnkun vinnu- álag	Umræður um verkefni	Stjórn.	Haust og meta að vori	Viðhorfsk. starfsmanna	Meðalskor hærra en 3,10
Móttaka nýliða	Að efla hæfni nýrra starfsmanna	Kynningarbæklingur sendur áður en starfsmaður hefur störf og viðtöl við deildarstjóra í 2. og 4. viku	Stjórn.	Þegar nýr starfsmaður hefur störf	Yfirfara skráningar í móttökuáætlun og um áramót og páska	Allir nýir starfsmenn hafa fengið tvö leiðbeiningarviðtöl í það minnsta
Uppeldis- og menntastarf						
Kyrrðarstundir	Endursk. markmið þeirra	Umræður um framkvæmd og markmið	Stjórn. ásamt lífsleikni-teymi	Haust	Matsform á kyrrðarstundum útfyllt á deildarfundum	Skýrari markmið
Heilbrigði og vellíðan	Setja markmið og tengja við fyrri vinnu með félagsf. og sjálfsefl	Gátlisti notaður til að taka stöðu að hausti. Setja fram markmið og tengja fyrri verkefnum s.s. kyrrðarst. og umhverfism	Stjórn. ásamt lífsleikni-teymi og umhverfisráði	Allur vetur	Gátlisti	Fleiri þættir sem komnir eru til framkvæmdar að fullu
Mannauður/ Leikskólabragur						
Efla starfsanda	Að skapa jákvætt og styðjandi andrúmsloft	Stuðningur við starfsm. skemmtanir og verkefni við hæfi	Allir starfsm. sérstaklega reyndari	Allur vetur	Viðhorfsk. starfsmanna	Meðalskor hærra en 3,97

Jafnrétti	Að allir upplifi að þeir hafi hlutverk	Umræður á teymisf. um mikilvægi að allir taki þátt og hafi hlutverk	Reyndari starfsm. og stjórn-endur	Allur vetur	Viðhorfsk. starfsmanna	Meðalskor hærra en 3,92
Umburðarlyndi	Fjölbreyti leiki í starfsm. hóp sé jákvæður	Umræður í hópnum varðandi fjölbreytileika starfsmanna hópsins	Stjórn.og utanaðkómandi fræðsla	Haust	Viðhorfskönnun starfsmanna	Færri stími sem upplifa fordóma gagnvart öðrum starfsf.
Innra mat						
Rödd barna	Börn fái meiri rödd við verkefni og mat	Finna betri leiðir til að fá mat barna fram	Deildarstj.	Allur vetur	Gátlisti menntastefnu	Fleiri þættir komnir að fullu til framkvæmda
Rödd foreldra	Foreldrar fái meiri rödd við mat á námi barna	Finna leiðir til að fá foreldra meira inn í að meta framfarir barna	Deildarstj.	Foreldraviðtöl vor	Viðhorfskönnun foreldra	Meðalskor hærra en 3,17



3 Innra mat

3.1 Bjartilundur

Á Bjartalundi veturinn 2020 - 2021 dvöldu 15 börn fædd 2017, 2018 og 2019 og 4 fastir starfsmenn. Auk deildarstjóra starfaði leikskólakennari, háskólamenntaður starfsmaður og starfsmaður með B.ed í grunnskólakennarafræðum sem sinnti stuðningi. Aðstoðarleikskólastjóri sinnti afleysingu fyrir áramót en eftir áramót kom inn starfsmaður. Aðlögun tók langan tíma og var lokið um miðjan október. Eitt barn byrjaði 1. desember og annað 1. mars og setti aðlögun því sinn svip á starfið. Röskun vegna covid var einnig áberandi og setti starfinu nokkuð fastar skorður ásamt nýjum áherslum í styttingu vinnuvikunnar. Veturinn einkenndist því af miklum og örum breytingum sem starfið var sífellt að aðlaga sig að.

Fagstarfið náði þó flugi og markmiðin náðust að flestu leyti. Könnunarleikurinn hélt sínu striki sem einn af föstu áherslum okkar á deildinni. Jógað hófst af alvöru eftir áramót en fram að því var jógað nýtt í samverustundum, í öndunaræfingum fyrir matartímann og í frjálsum leik. Skipulagðar stundir voru eftir áramót þar sem innleidd var vinna með tilfinningar og nýttur til þess bangsinn Blær og námsefni hans.

Í þróunarverkefni okkar var lögð áhersla á sjálfsefningu og félagsfærni. Við byggðum á þeim grunni sem skapaðist í fyrra og gáfum leiknum mikið rými. Skráningar á leik hefðu mátt vera meira áberandi en allir lögðu sig fram við að prófa og finna sínar aðferðir. Skráningarnar voru ræddar á deildarfundum. Áherslur okkar í sjálfsefningu birtust vel í verkefninu um öskudagsbúningana en hvert barn hannaði og bjó til sinn búning frá grunni. Lögð var áhersla á sjálfstæði barna í verki og gerð ítarleg skráning af þeirra upplifun og hugmyndum í ferlinu. Með vorinu var sjálfsefningin eflað í fataklefanum og börnin hvött til að klæða sig sjálf í og úr og ganga frá.

Í læsi var unnið með Lubba, Sögugrunninn og orðaforðabjálfun ásamt fjölbreyttum bókalestri og sögum. Fyrstu sex hljóð Lubba voru innleidd á markvissan hátt. Við fundum þó að börnin tengdu minna við hljóðin heldur en árið áður. Við bökkuðum því aðeins og tókum mynd af hverju barni með Lubba og byrjuðum á þeirra lögum. Áhugi þeirra kviknaði betur og eftir áramót var hægt að byrja á innleiðingu þeirra sex hljóða. Hengdar voru upp myndir af orðum sem höfðu hljóðið sem fyrsta hljóð og einnig var safnað saman í poka hlutum sem byrjuðu á hljóðinu. Þokinn var nýttur í samverustundir þar sem börnin drógu upp hlutinn og ný orð voru lögð inn. Þegar búið var að leggja inn hljóðið á deildinni fóru myndirnar ásamt mynd af því sem var í poka fram í fataklefa og foreldrar gátu rifjað upp námið með börnunum. Fyrir hljóð D og Í/Ý var ákveðið að vinna listaverk sem tengdist hljóðinu. Gerðar voru doppelmyndir og íslenski fáninn. Sú vinna verður innleidd inn í lubbavinnuna næsta vetur.

Á skiptiborðinu voru hengdar upp myndir undir hillurnar þar sem börnin gátu skoðað meðan skipt var á bleyju. Myndirnar voru fjölbreyttar og var einn flokkur látinn hanga í nokkrar vikur og svo skipt um. Flokkarnir voru meðal annars húsdýr, villt dýr, útivera, jól, matur og farartæki. Markmiðið er að hvetja börnin til að spjalla á skiptiborðinu og skapa gæðastund í málörvun sem hluta af daglegu starfi.



Bókalestur var áberandi í frjálsum leik og sóttu börnin í lestur. Lesið var í samverustundum sérstökum lesstundum fyrir og eftir síðdegishressingu. Ekki náðist að vinna markvisst með sögu líkt og fyrri ár en sömu sögurnar voru þó vinsælar hjá börnunum, skrímslasögurnar, Pétur og úlfurinn og Depill.

Í lok annarinnar var fuglapema sem fléttað var inn í útinám barnanna. Börnin fræddust um fugla á fjölbreyttan hátt, útbjuggu hreiður og föndruðu fugla. Farið var í gönguferðir að kíkja á fuglana og lagður inn orðaforði sem tengist þeim svo sem vængur, goggur, egg og hreiður. Markmið verkefnisins náðust að öllu leyti og börnin tileinkuðu sér bæði orðaforðann sem lagt var upp með og einnig sýndu þau mikinn áhuga.

Næsta vetur munum við byggja á grunni fyrri ára og einnig velta fyrir okkur vellíðan okkar og barnanna í starfi og gera endurbætur á þar sem þurfa þykir.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar á leik barna	Að starfsfólk þjálfist í að skrá leik og samskipti barna með áherslu á sjálfseflingu	Finna leiðir til að gera skráningar að eðlilegum hluta leikskóladagsins og vinna með þær á markvissan hátt	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2021	Maí 2022	Fjöldi skráninga ásamt fundargerðum og foreldraviðtölum	Starfsmenn deildar framkvæma skráningar á skilvirkan hátt og rýna í þær sameiginlega og taka ákvörðanir byggðar á þeim til hagsbóta barnanna.
Lestur bóka og orðaforðabjálfun	Að gera lestur markvissari og vinna lengur með ákveðnar bækur/sögur	Að lestrar stundir séu skipulagðar og hver bók/saga lesin í lengri tíma og kafað ofan í. Útbúið verður bókadagatal þar sem börnin opna glugga og finna bók vikunar/mánaðarins	Leikskólakennari ásamt öllum starfsmönnum	Sept 2021	Des 2022	Metið á deildarfundum í desember hvernig framvindan er og hvort gera þurfi breytingar	Að tekist hafi að vinna markvisst með ákveðnar sögur og að börnin tileinki sér söguþráð þeirra.
Að efla vellíðan barna og starfsfólks	Að huga betur að því sem veitir vellíðan í daglegu starfi og draga úr hraða.	Kortleggja hverja stund í leikskólanum (fataklefa, samveru, matartíma, frjálstan leik, útivera) og ræða um hvernig við getum aukið vellíðan.	Deildarstjóri ásamt öllu starfsfólki deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Rætt á deildarfundum og gerðar úrðætur jafnóðum.	Að skapist umræða og gagnrýnin hugsun um vellíðan og dregið hafi úr hraða.
Sjálfsefling barna	Að hvert barn finni að það skipti máli og fái samtal á hverjum degi	Að innleiða kerfi á deildinni sem styður að hvert barn fái óskipta athygli starfsmans yfir daginn	Deildarstjóri ásamt öllu starfsfólki deildar	Sept 2021	Maí 2022	Metið með hliðsjón af skráningum	Að hvert barn fái samtal daglega, maður á mann, frá að minnsta kosti einum starfsmanni.



3.2 Geislalundur

Á Geislalundi veturinn 2020-2021 dvöldu 20 börn fædd 2016 og 2017 og 4 fastir starfsmenn. Auk deildarstjóra sem er háskólamenntaður starfsmaður með B.ed í grunnskólakennslu yngri barna starfaði leikskólaliði, háskólamenntaður starfsmaður og leiðbeinandi. Deildin var með starfsmann í afleysingu þennan veturinn þar sem deildarstjóri byrjaði í MT námi í Menntunarfræðum leikskóla við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og var frá vinnu þrisvar í viku. Aðlögun gekk hratt og vel fyrir sig, það hætti barn á deildinni í lok febrúar og fengum við barn af yngstu deildinni 1.mars. Röskun vegna covid var áberandi og setti sínar takmarkanir á starfið ásamt styttingu vinnuvikunnar.

Fagstarfið á deildinni gekk vel og náðust markmið að flestu leyti. Jógastundir voru á föstum tímum á þriðjudagsmorgnum og Lubbastundir á miðvikudagsmorgnum. Hver stafur var tekið fyrir í tvær vikur og lögð áhersla á að foreldrar vissu hvaða hljóð var hverju sinni svo að hægt væri að vinna með stafinn heima fyrir. Mikil orðaforðapjálfun átti sér stað á deildinni og markviss bókalestur. Unnið var í samvinnu við Þórey sem sinnir málörvun fyrir leikskólann og fengum við verkefni sem hún leggur fyrir í vinnustundum og unnum með ákveðin atriði sem hún lagði áherslu á hverju sinni í samveru eða kyrrðarstundum. Skipulagðar hópstarfsstundir voru þrisvar í viku á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Kyrrðarstundir voru nýttar í hvíld fyrri part árs og í bókalestur eða sögur seinnipart árs þar sem börnin voru hætt að sofa í hádeginu.

Í lok annarinnar spratt upp áhugi hjá barnahópnum að vinna með himingeiminn og fylgdum við því eftir og unnum markvisst að því að læra um geiminn og þá sérstaklega pláneturnar. Einnig unnum við að samvinnuverkefni með stelpunum í eldri hópnum þar sem þær bjuggu til búð úr pappakössum, eldavél og söfnuðu tómum umbúðum af mat í búðina.

Í þróunarverkefni okkar var lögð áhersla á sjálfseflingu og félagsfærni. Við gáfum frjálsa leiknum mikið rými inni á deild og gáfum börnunum mikið tækifæri til að koma með hugmyndir að verkefnum og eltum áhuga þeirra. Skráningar á leik hefðu mátt vera meira áberandi en á deildarfundum komu starfsmenn með skráningarnar sínar og þær ræddar. Mikil umræða skapaðist meðal starfsmanna um félagsfærni barnanna og samsetningu barnahópsins.

Næsta vetur tökum við á móti mun yngri börnum á deildina en við erum von og munum við þurfa að leggjast í skipulagsvinnu varðandi það.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar á leik barna.	Þjálfa starfsmenn í að skrá leik og samskipti barna.	Finna leiðir til að festa skráningar í sessi og hjálpa starfsmönnum að átta sig á hvenær hægt er að nýta tíma í skráningar.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	September 2021	Maí 2022	Miðað við ákveðinn fjölda skráninga á barn.	Að starfsfólk öðlist meira sjálfsöryggi í að skrá og lesa úr skráningum á skilvirkum hátt.
Lestur bóka	Gera bókalestur markvissari á deildinni.	Velja bækur sem lagt er áhersla á og lesa á markvissan hátt.	Starfsmenn deildar	Sept 2021	Maí 2022	Metið á deildarfund um hvernig gengur.	Að börn meðtaki ákveðinn orðaforða og tileinki sér söguþráð ákveðinna bóka.
Efla vellíðan barna og starfsmanna	Huga að hópastíptingu barna og starfsmanna og samskiptum milli barnanna.	Bregðast strax og rétt við ef vanlíðan er í barnahópnum. Hvað við getum gert sem starfsmenn á deildinni.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Metið á deildarfund um.	Nota verkfæri eins og tengslahringi nn og einstaklings markmið barnanna.
Einstaklingsmarkið barnanna	Gefa hverju og einu barni markmið til að vinna að yfir veturinn	Setja börnunum markmið sem raunhæft er að vinna með.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Jan 2022	Maí 2022	Metið á deildarfund um og foreldraviðtölum.	Styðjast við markmið hvers og eins barns og foreldraviðtöl.
Gönguferðir	Vikulegar gönguferðir voru markmið vorsins.	Setja niður fastara skipulag fyrir gönguferðir.	Deildarstjóri	Maí 2022	Júní 2022	Hversu vel gekk að halda skipulagi	Hversu vel gekk að halda skipulagi



3.3 Sunnulundur

Á Sunnulundi veturinn 2020-2021 dvöldu 21 barn með rúm fimm stöðugildi. Tólf börn voru fædd 2016 og níu börn fædd árið 2017. Yfir veturinn var unnið að verkefnum í þemum. Um haustið var unnið með náttúruna og jólin. Á vorönn var unnið með sjálfsefningu á fjölbreyttan hátt. Jóga og slökun fór vel af stað um haustið og var svo áhersla sett á að vinna með sjálfsefningu á fjölbreyttan hátt og náði sú vinna fram á vorið. Útinám var áberandi á vorönn og var farið reglulega í gönguferðir í nærumhverfinu.

Töluverðar mannabreytingar urðu á deildinni yfir veturinn sem hafði áhrif á starfið að einhverju leyti. Tveir starfsmenn fóru í leyfi, nýtt starfsfólk kom á deildina og hlutverk breyttust. Áhersla var lögð á vellíðan barnanna í þessum breytingum og að þeim yrði mætt þar sem þau eru stödd hverju sinni.

Í kyrrðarstundum var áhersla lögð á að börnin fengju rými og tíma fyrir slökun, þar var boðið upp á vinsamlega snertingu, jóga, lestur og stærðfræði. Um þriðjungur barnanna svaf eftir hádegismatinn og var þar lögð áhersla á slökun og hvíld. Í upphafi vetrar voru skipulagðar jógastundir einu sinni í viku sem færðist svo yfir í kyrrðarstundir með breyttum hlutverkum á deildinni. Festa þarf jóga betur í sessi í dagskipulaginu svo að það verði markvissara í vinnu með börnunum.

Samverustundir voru krefjandi í upphafi vetrar og voru fljótlega gerðar breytingar á skipulagi þeirra. Börnunum var skipt í hópa og voru samverustundir tvískiptar nema í undantekningartilfellum. Það hafði jákvæð áhrif á vellíðan bæði barna og starfsmanna, samverustundirnar urðu markvissari og skiluðu sér í betri athygli hjá börnunum. Áhugi barnanna var gripinn þar sem hreyfilög og leikir voru áberandi á haustönn en verkefni sem reyndu á athygli voru áberandi á vorönn. Söngur, málörvun og hópleikir kom að mestu við sögu á vorönn.

Unnið var með læsi á fjölbreyttan hátt á haustönn. Lubbi kom inn með ný málhljóð um það bil einu sinni í viku. Málörvun átti sér stað í daglegu starfi og ákveðið í samstarfi við sérkennslu hvað var lögð áhersla á hverju sinni. Á vorönn náðist ekki að vinna með læsi á jafn markvissan hátt og á haustönn. Sögugrunnur, orðahljóð, og Lubba bingó náðu ekki festu en lestur bóka og orðaforðapjálfun voru áberandi.

Útinám blómstraði á haustönn þegar unnið var með náttúruna á fjölbreyttan hátt. Reynislundur var vel nýttur framan af en minna á vorönn. Í mars var aftur byrjað að fara í markvissar gönguferðir þar sem unnið var með sjálfsefningu og fræðslu um nærumhverfið. Umhverfismennt var fléttað inn í daglegt starf þar sem flokkun var sýnileg á hverjum degi.



Þróunarverkefnið Félagsfærni út í lífið hélt áfram þar sem áhersla var lögð á sjálfsefningu barna.

Sjálfsefningin náði ekki eins góðri festu í starfinu eins og félagsfærnin gerði veturinn á undan.

Sameiginlega sýn vantaði í starfsmannahópnum á hvað fælist í sjálfsefningu og hvernig væri hægt að vinna það með börnunum á fjölbreyttan hátt. Starfsmannahópurinn hittist og vann að sameiginlegri sýn og sú vinna skilaði sér á miðjum vetri. Þemu vorannar voru lituð af þeirri sameiginlegu sýn sem myndaðist. Félagsfærnin var áfram gefið mikið svigrúm í daglegu starfi og sat vinna frá árinu áður áfram í hugum starfsmanna. Leikskráningar skila sér í faglegri umræðu starfsfólks um leik og samskipti barna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Jógastundir Vinsamleg snerting	Festa jógastundir í dagskipulagi. Gera vinsamlega snertingu markvissari í hverri kyrrðarstund.	Allir starfsmenn stíga inn í stundirnar.	Deildastjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar.	Okt. 2021	Maí 2022	Metið um áramót.	Skráningar á stundum.
Kyrrðarstundir	Hafa betra skipulag á hvað skal gera í kyrrðarstundum	Gera áætlun/ sýnilegt skipulag hvað skal gera á hverjum degi.	Deildastjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Metið á deildafundum.	Vellíðan barna og sjálfsprottin slökun barnanna.
Skráningar á leik barna	Áframhaldandi þjálfun starfsmanna á leik barna.	Að starfsmenn taki tíma í undirbúning til að framkvæma og meta leikskráningu.	Deildastjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Farið yfir skráningar á deildafundum reglulega yfir veturinn.	Fá að sjá skráningar frá öllum starfsmönnum og greina saman.
Umhverfismennt	Kynna flokkun fyrir börnum.	Setja skýr markmið fyrir umhverfismennt og hafa sýnilegt á deildinni.	Deildastjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Metið um áramót.	Frumkvæði barna við flokkun.



3.4 Stjörnulundur

Á Stjörnulundi veturinn 2020-2021 dvöldu 24 börn fædd 2015. Á deildinni voru 5 fastir starfsmenn en 2 starfsmenn leystu af í undirbúning og seinni hluta dags. Veturinn einkenndist af miklum og örum breytingum vegna covid og styttingu vinnuviku, þar sem starfið var sífellt að aðlagast að þeim þáttum.

Við lögðum áherslu á hópastarf, kyrrðarstundir, félagsfærni og samskipti barna í leik. Börnin fóru í skólaheimsóknir 1x í mánuði og fótbolta 1x í viku á vegum fótboltafélagsins Fram. Það urðu breytingar á þessum ferðum til skólans vegna breyttra starfshátta vegna covid.

Í kyrrðarstundunum var lögð áhersla á Jóna -og snertistundir, stærðfræði, lestur og orð af orði. Í jógastundunum var lögð áhersla á vinsamlega snertingu, jógastöður og ævintýraferðir. Það var mikill áhugi hjá börnunum og þau stigu út fyrir þægindarammann og prófuðu nýjar æfingar sem eflaði hugrekki, styrk og samhæfingu. Í framhaldi var búið til jógahorn með dýnum, púðum og jógakörfu, sem þau gátu valið í frjálsum leik. Í stærðfræðistundunum var meðal annars lögð áhersla á form, tölur, fjölda og stærðfræðileg hugtök. Tveir starfsmenn fóru á stærðfræði- námskeið/ þróunar verkefni, sem var nýtt með börnunum. Þar var lögð áhersla á skráningar á leik barna á deildinni til að greina í hvaða birtingamynd stærðfræðin lýsir sér í leikskólanum. Það var mikill áhugi hjá börnunum á stærðfræði og borðspil komu sterkt inn hjá þeim þegar leið á vorið.

Í lestrastundunum var lögð áhersla á sögulestur með fjölbreyttum hætti, loðtöflusögur, bókabíó og búið til stutt leikrit með börnunum. Lubbi kom í heimsókn og var lögð áhersla á ákveðna bókstafi og bókstafirnar rifjaðir upp frá síðustu árum. Við lögðum áherslu á auka orðaforða og skilning tvítyngdra barna sem nýttist öllum börnunum á deildinni. Börnin fóru í litlum hópum í verkefnið „orð af orði“ þar sem unnið var með að finna hljóð í orðum, hljóðalóttó, skrifa og teikna.

Í þróunar verkefninu okkar var lögð áhersla á sjálfsefningu og félagsfærni barnanna. Við lögðum áherslu á sjálfstæði þeirra og trú á eigin getu, ásamt að skrá leik, upplifanir og reynslu þeirra. Blær kom í heimsókn í samverustundir og haldið var áfram með vinþjálfun. Við hjálpuðum þeim að finna lausnir á samskiptavanda sem kom upp milli barnanna.

Við gáfum frjálsa leiknum meira rými þar sem byggingaáhuginn eflaðist mikið og börnin byggðu flóknar og ólíkar byggingar. Við gerðum byggingarnar sýnilegri með því að hengja þær upp á vegg. Það voru myndir af þekktum byggingum í samfélaginu og einnig myndir af byggingunum þeirra. Börnin eflust í byggingaleiknum, þar sem þau byggðu eftir fyrirmyndum og frá reynsluheimi sínum.



Hópastarf einkenndist af umræðum og verkefnum sem tengdist náttúrunni, eldgosi og öskubúningagerð. Við vorum með listahorn sem börnin höfðu aðgang að „verðlausu“ efni þar sem skapað og hannað.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar á leik barna	Skrá leik barna og verkefnum sem tengjast sjálfsefningu barna.	Finna leiðir til að festa skráningar í sessi og hjálpa starfsmönnum að átta sig á hvenær hægt er að nýta tíma í skráningar.	Deildastjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Fara yfir skráningar, umræða á deildafundum og lesa úr/læra af skráningunum.	Efla áhuga allra starfsmanna á deildinni og að allir taki þátt í skráningum.
Lestur bóka og orðaforðabjálfun	lestur bóka, orðaskilning, rím, söngur leikur að orðum.	Samverustundir og sýnileiki, verkefnum og hvatningu.	Deildastjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Umræða starfsmanna, undirbúningstímar til að auka þekkingu og leita leiða.	Umræður og fara yfir hugmyndir og hugmyndabanka leikskólans.
Að efla velliðan barna og starfsfólks	Gefa hverju barni tíma og rými, og starfsmenn fá tækifæri að njóta sín.	Nota svæði deildarinnar, skipta börnum litla hópa, jóga gönguferðir, heilbrigði.	Deildastjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Umræða á fundum og skipulag deildarinnar þannig að starfsfólk finni öryggi í því sem þau eru að gera.	Umræða við börnin, hlusta og taka tillit til skoðana þeirra.
Sjálfsefning barna	Styrkja og efla börnin í sjálfstæði og þrautseigu.	Leikir, og umræða með börnunum.	Deildastjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Skráningar og auka þekkingu barna sambandi við sjálfsefningu.	Fara yfir styrkleika barna og starfsfólk þannig að allir fái að njóta sín.
Útinám	Fara í gönguferðir og fanga áhuga barnanna, efla góðra umgengni í náttúrunni.	Skrá ferðir, gera myndir sýnilegrar frá upplifun barnanna.	Deildastjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Fara yfir skráningar í ferðunum, umræða við starfsfólk og börn. Börnin gefið tækifæri að koma með sínar skoðanir og mat á verkefnum.	Frumkvæði barna og fanga áhuga barnanna.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021	Unnið var með orðahljóð – hljóðainnlögn með elsta árgangi það er börn fædd 2015 leikskólans. Þau börn sem komu slök út úr fyrri fyrir lögn á Hljóm-2 fengu markvissa örvun í þeim þáttum sem efla þurfti. Þá var unnið með börn fædd 2016 í hópastarfi þar sem þau fengu markvissa málörvun til að efla þætti eins og rím, hljóðkerfisvitund, samsett orð og fleiri þætti. Sérkennsla var skipulögð þannig að hluti hennar fór fram með einstaklingsþjálfun en að mestu leiti fer sérkennsla fram innan deildar. Skráningar eru að mestu í gegnum atferlisþjálfun ásamt einstaklingsnámsskrám.
Hvaða matsgögn voru notuð?	AEPS, Hljóm-2, Íslenski málhljóðalykillinn og EFI-2
Hvaða námsefni var notað? ?	Fjölbreyttar kennsluaðferðir The Processing program verkefnabók.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samvinna og sambætting verkefna	Auka samstarf á milli þeirra sem hafa umsjón með sérkennslu.	Hafa sérkennslu-teymi innan leikskólans sem fundar á 6 vikna fresti	Sérkennslu-stjóri	Sept 2021	Maí 2021	Fara yfir fundargerðir og sett markmið	Að ná að funda reglulega saman til að bera saman bækur og skapa jafningja-samfélag þar sem við lærum hvert að öðru.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Laun fyrir verkefnastjórnun málörvunar og námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss miðlun frá verkefnastjóra málörvunar til starfsfólks, má þar nefna starfsdaga þar sem við höfum haft kynningu á málörvun. Bæði hefur starfsfólk fengið verkfæri til að vinna með í daglegu starfi ásamt einstaklingstímum fyrir fjöltyngd börn. Unnið hefur verið með Gefðu 10 markvisst í stutta stund í senn.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já það er markvisst unnið að því, bæði einstaklingslega og inn á deildum í daglega starfinu. Lesið hefur verið fyrir börnin í fámennari hópum og jafnvel einstaklingslega þar sem efni bókarinnar er rætt út frá myndunum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Matslisti er í þróun innan borgarinnar. Í dag er notast við Einn leikskóli mörg tungumál en listinn þar er meiri gátlisti en matstæki. Málörvun er skipulögð fyrir hvert barn viku í senn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er með alla þessa þætti, ýmist innan deildar, einstaklingslega eða í hóp í Lautinni.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þátttaka fleiri aðila í málörvun	Að efla samstarf milli yfir umsjónar- aðila málörvunar og deilda- stjóra. Vinna markvissara með sjónrænt skipulag og nýta myndir í daglega starfinu.	Yfir umsjónar- aðili málörvunar kemur inn á fyrirfram ákveðna deildarfundir til að fara yfir komandi þema og bera saman bækur með hvað hefur gengið vel og hvaða áskoranir hafa verið að koma upp.	Yfirumsjónar aðili málörvunar í samstarfi við deildastjóra/ umsjónar- aðili málörvunar hverjar deildar.	Sept 2021	Maí 2021	Hvort náðst hafi að fylgja eftir áætlunum sem settar voru upp í upphafi vetrar.	Að fara yfir þau þemu sem lagt var upp með.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Fræðsla fór fram á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Starfsþróunarsamtöl fóru fram á tímabilinu febrúar-mars og náðist að halda flest öllum viðtölunum. Þau sem út af stóðu voru tekin síðar. Starfsmenn fengu blað sem þeir fylltu út áður en þeir komu í viðtalið og var þar meðal annars rætt um hvaða verkefni viðkomandi sinnir, hvernig hefur gengið og hvaða markmið starfsmaður vill setja sér, sem og líðan í starfi.

Fræðsla fór fram á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Í upphafi vetrar var áformað að sækja krakkajóganámskeið en vegna hertra sóttvarnaraðgerða féll það niður. Í stað þess var kynning á efniviði tengdu jóga í leikskólanum. Í haust var fjarnámskeið fyrir alla leikskólana í hverfinu um málörvun í leikskólum í tengslum við þróunarverkefnið Orð eru til alls fyrst. Þróunarverkefnið Félagsfærni út í lífið hefur tekið mikinn tíma á skipulagsdögum. Unnið var að því að skapa sameiginlega sýn á sjálfsefingu með starfsmannahópnum og svo hefur Sara Margrét frá RannUng verið með okkur í umræðu á fjarfundum. Einnig höfum við rætt reglulega um styttingu vinnuvikunnar á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Á vorönninni var svo farið í heimsóknir í leikskólana í hverfinu og fengum við kynningu á starfinu þar. Og síðast en ekki síst tókum við þátt í Menntastefnumóti, bæði með því að senda inn myndband þar sem við sögðum frá okkar þætti í samvinnuverkefninu Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag og með því að „mæta“ á ráðstefnuna sjálfa.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli er hverfisskóli Reynisholts og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans. Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem og að hitta gamla vini. Einnig hafa börn úr Sæmundarskóla heimsótt Reynisholt á Degi íslenskrar tungu, þar sem börn úr 7. bekk koma og lesa fyrir börn leikskólans.. Þá hafa börn í 1.bekk heimsótt sinn gamla leikskóla einu sinni að vetri. Því þurfti þó að fresta í ár vegna Covid. Aftúr á móti gátu börn úr unglingadeild í Sæmundarskóla valið að verja einni klukkustund á viku til að vera með börnunum í leik og starfi en það er hluti af lífsleikninámi barnanna í Sæmundarskóla fyrir áramótin en ekki varð úr áframhaldi eftir áramót sökum Covid.

Leiðarljós í samstarfi milli skólanna er að samfella myndist á milli skólastiga og að gagnkvæmur skilningur á námi barna yrði meðal kennara. Fastir ábyrgðaraðilar hafa haldið utan um samstarfið, Elísabet deildarstjóri á Reynisholti og Elísabet í Sæmundarskóla sem hefur verið með fasta umsjónartíma fyrir þetta verkefni. Vikulegar heimsóknir voru í skólann meðal barna úr hverfisleikskólunum frá október til nóvember og janúar til febrúar þar sem unnin voru verkefni sem kennarar beggja skóla skipulögðu. Ekki voru heimsóknir í febrúar – apríl vegna Covid-19. Einnig féll vorskólinn niður. Undirbúningsfundur er að hausti þar sem farið er yfir dagskrá vetrarins en að vori frestaðist endurmatsfundur fram á haust.

Skólarnir í hverfinu sóttu um styrk í B-hluta þróunarsjóðs og unnu í vetur að þróunarverkefninu Orð eru til alls fyrst. Markmið samstarfsins var að styrkja og auka samstarf skóla í Grafarholti og Úlfarsárdal með það að leiðarljósi að jafna hæfni og stöðu barna í íslensku. Leikskólarnir tóku þátt í fjarnámskeiði málörvun.

Einnig var sótt um framhaldsstyrk fyrir Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag úr B-hluta þróunarsjóði en þar eru Reynisholt, Stakkaborg, Tjörn og Ægisborg ásamt RannUng í samstarfi.

8 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum starfar foreldraráð og foreldrafélag með fjórum fulltrúum foreldra. Kosið er í foreldraráð og foreldrafélag á foreldrafundi snemma að hausti. Ekki var haldin fundur haustið 2020 sökum Covid og var því starfsemi foreldrafélags og -ráðs í lágmarki. Óskað var eftir aðilum í samstarf í gegnum facebooksíðu leikskólans. Tveir foreldrar buðu sig fram og voru því einungis fjórir starfandi í foreldrafélagi og -ráði þetta árið. Ekki var haldin haustfundur fyrir foreldra eins og áður heldur sendi leikskólastjóri kynningu til foreldra. Sökum Covid var starfsemi foreldrafélags mun minni en áður, ekki var jólafondur eða sveitaferð og voru því ekki rukkuð gjöld fyrir vor og haust 2020. Einnig var ekki unnt að hafa vinnukvöld í Reynislundi hvorki árið 2020 né 2021. Samskipti hafa farið að miklu leyti fram á Facebooksíðu foreldrafélags/ráðs.

Nýir foreldrar hafa verið boðaðir á kynningarfund að vori en vegna Covid var það ekki gert vorið 2020 heldur fengu nýir foreldrar kynningu senda í tölvupósti. Foreldrum var boðið að fá fjarviðtal kysu þeir það. Öllum nýjum foreldrum eru sendir bæklingar rafrænt varðandi mikilvægi þess að vinna með málproska barnsins. Margir þessara bæklinga eru til á fleiri tungumálum og leggjum við sérstaka áherslu á að foreldrar hugi að móðurmáli sínu við barnið ef það er annað en íslenska. Foreldraviðtöl eru í október og á skipulagsdegi í mars og voru það fjarviðtöl í flestu tilvikum. Í október eru foreldrar boðaðir í viðtal á undirbúningstíma deildarstjóra og þar rætt um aðlögun og samtal um stöðu barnsins. Í mars eru deildarstjórar með viðtöl á skipulagsdegi og ræða þá við foreldra um þroskastöðu barnsins, niðurstöður úr skimunum ef þær eru fyrir hendi og samtal um líðan barns. Foreldrum er boðið upp á tulkapjónustu bæði á fundum, í viðtölum og í aðlögun. Tölvupóstur til foreldra með annað móðurmál en íslensku er oft bæði á íslensku og ensku, sérstaklega í upphafi til að auka líkur á að upplýsingar komist til skila. Deildarstjórar og aðrir stjórnendur reyndu að koma sem flestum upplýsingum til foreldra í gegnum tölvupóst en allir voru sammála um að foreldrasamstarf á Covidtímum er engan vegin fullnægjandi og fundum við mikið fyrir því að við bæði þekktum foreldra minna og þeir þekktu bæði minna til starfsmanna deildanna sem og það sem fór fram innan leikskólans. Það eru jafnvel nokkrir foreldrar sem hafa í raun ekkert komið inn í leikskólann eftir að barnið þeirra byrjaði þar og sjáum við hversu miklu máli það skiptir að vera í góðum tengslum við foreldra og hversu hamlandi það er að geta ekki boðið þeim inn.

En nú eru betri tímar framundan og hlökkum við til næsta starfsárs þar sem við fáum vonandi að kynnast foreldrum betur og þeir að kynnast leikskólanum vel.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2021-2022 verða sex, 17. september, 25. október, 26. nóvember, 21. febrúar 25. mars og 27. maí. Sameiginlegir dagar með grunnskóla eru 26. október, 21. febrúar og 27. maí.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 4 – Skóladagatal

10.3 10.3 Fylgiskjal 5 – Skipulag skólaheimsókna

F. h. leikskólans Reynisholts,

Aðalheiður Stefánsdóttir
Leikskólastjóri

7.júlí 2021
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Leikskólinn Reynisholt**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Danielle Knieriem
Elva Margrét Árnadóttir
Erna Þráinsdóttir
Karen Heiðarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Síðastliðinn vetur hefur verið mjög annasamur og hefur álag á starfsmannahópnum og stjórnendur verið gríðarlegt. Álag og þreyta hefur hins vegar aldrei smitað út frá sér vellíðan og ánægju barnanna alltaf verið í fyrirrúmi og á starfsmannahópurinn hrós skilið fyrir það. Það hefur alltaf verið tími fyrir uppbyggileg verkefni sem og góðan leik, létt andrúmsloft og gleði.

Samskipti og upplýsingagjöf hefur verið mjög góð í vetur og hafa foreldraviðtöl og skipulag því tengt verið til fyrirmyndar.

Foreldrafélagið vill koma á framfæri þakklæti til starfsmannahópsins, allir hafa lagt allt sitt í það erfiða verkefni sem Covid hefur verið og það aukna álag sem það hefur haft í för með sér.

Þennan vetur var áhersla lögð meðal annars á að vinna að sjálfsefningu barna og hefur það tekist vel. Má þar nefna vegna samkomutakmarkana og sóttvarnareglna hafa foreldrar lítið verið inni á



leikskólanum og inni í fataklefa til að aðstoða börnin. Starfsfólk hefur því aðstoðað börnin mikið en einnig eftir þau til aukins sjálfstæðis.

Megináherslur næsta veturs samkvæmt starfsáætlun verður að vinna með fagmennsku kennara í lærdómssamfélagi, mynda sameiginlega sýn starfsmanna, halda áfram með skráningar á leik barna, auka upplýsingaflæði og tryggja að starfsmenn fái viðurkenningu fyrir góð störf ásamt því að vinna með megináherslurnar, lífsleikni, læsi og umhverfismennt.

Þessar áherslur eru mjög metnaðarfullar eins og allt sem starfsmannahópurinn tekur sér fyrir hendur og verður ánægjulegt að fylgjast með og taka þátt í þeirri þróun sem þessar áherslur munu hafa í för með sér.

Vonandi verður Covid til friðs næsta vetur og verður þá hægt að leggja aftur áherslu á vinnu í hópum meðal starfsmanna og ræða og fara yfir málefni eins og fræðslu, þróunarverkefni og annað.





Skóladagatal Reynisholts 2020-2021

Þáttaka foreldra

Þemavinna

Hátíðir

Leikskóli lokaður

Almennur frídagur

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	fullveldis-dagurinn	1	F	Nýarsdagur	1	M		1	M		1	F	Skírdagur	1	L	verkalyðs-dagurinn	1	Þ		1	F	
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F	Föstud. langi	2	S		2	M		2	F	
3	M	Frídagur versl	3	F		3	L		3	Þ		3	F	Jólastund í Reykisholti	3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L	
4	Þ		4	F		4	S		4	M		4	F		4	M	Þrettándinn	4	F	Dagur leiksk	4	F		4	S	Páskadagur	4	Þ		4	F	skólaslit grsk	4	S	
5	M		5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M	Annar í Páskum	5	M		5	L		5	M	
6	F	Leikskóli opnar	6	S	Dagur læsis	6	Þ		6	F	Baráttudagur gegn einelti	6	S		6	M		6	L		6	L		6	Þ		6	F		6	S	Sjómánad	6	Þ	
7	F		7	M	Sólbíomavika	7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M		7	F		7	M		7	M	Sumariokun
8	L		8	Þ		8	F		8	S		8	Þ		8	F		8	M		8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F	
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F	
10	M		10	F		10	L		10	Þ	Ömmu og afa kafli	10	F	Jóla-skemmtun	10	S		10	M		10	M		10	L		10	M	Mennta-stefnumót	10	F		10	L	
11	Þ		11	F		11	S		11	M		11	F		11	M		11	F		11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S	
12	M		12	L		12	M	Foreldravíðtöl	12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M	Sveitaferð	12	L		12	M	
13	F		13	S		13	Þ	Foreldravíðtöl	13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F	Uppstigninga-dagur	13	S		13	Þ	
14	F		14	M	Dagur ísl. náttúru	14	M	Foreldravíðtöl	14	L		14	M		14	F		14	S		14	S		14	M		14	F		14	M		14	M	
15	L		15	Þ		15	F	Foreldravíðtöl	15	S		15	Þ	Jóla-leikrit	15	F		15	M	Bolludagur	15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	
16	S		16	M		16	F	Foreldravíðtöl	16	M	Dagur ísl. tungu	16	M		16	L		16	Þ	Sprengidagur	16	Þ		16	F		16	S		16	M		16	F	
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M	Öskudagur	17	M		17	L		17	M		17	F	Lýðveldis-dagurinn	17	L	
18	Þ		18	F	Skipulagsd vetrarstarf	18	S		18	M	Skipulagsd	18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S	
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F	Konukaffi	19	F	Skipulagsd foreldravíðtöl	19	M		19	M	Útskrifarferð	19	L		19	M	
20	F		20	S		20	Þ		20	F		20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ	Barnamenningarhá	20	F		20	S		20	Þ	
21	F		21	M	Jóga og snertivika	21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur	21	S		21	M		21	F		21	M		21	M	
22	L		22	Þ		22	F	vetrarleyfi grunnskóla	22	S		22	Þ	Þorláks-messa	22	F	Böndadagur-Böndakaffi	22	M		22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	
23	S		23	M	Aðalf. for fél.	23	F	vetrarleyfi grunnskóla	23	M		23	M	Aðfangadagur jóla	23	L		23	Þ		23	Þ		23	F	Skipulagsd Námsferð?	23	S	Hvíta-sunnudagur	23	M		23	F	
24	M	Skólasetning grunnskóla	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Jóladagur	24	S		24	M		24	M		24	L	Barnamen.hátíð	24	M	Annar í hvítasunu	24	F		24	L	
25	Þ		25	F	Tungumáladagurinn	25	S		25	M		25	F	Annar í jólum	25	M		25	F		25	F		25	S	Barnam.hátíð	25	Þ		25	F		25	S	
26	M		26	L		26	M	Skipulagsd fræðsla vj	26	F		26	L		26	Þ		26	F		26	F		26	M		26	M		26	L		26	M	
27	F		27	S		27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ	Ópið hús	27	F		27	S		27	Þ	
28	F	Skipulagsd áherslur leiksk	28	M		28	M		28	L		28	M		28	F		28	S		28	S		28	M		28	F	Útskrift	28	M		28	M	
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ		29	L					29	M		29	F		29	L		29	Þ		29	F	
30	S		30	M		30	F		30	M	Almælishátíð Reykisholts	30	M		30						30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31						31	M					31	M					31	L	

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelld í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Stefna SFS er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík. **Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.**